

TRYGGINGAEFTIRLITIÐ

SUDURLANDSBRAUT 6, 108 REYKJAVÍK. Sími 685188 FAX 685253

Alþingi

Erindi nr. P 117/1562

komudagur 25/4 1994

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
Þórshamri
Reykjavík

Reykjavík, 25. apríl 1994

Efni: Frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi. Val á löggjöf um váttryggingasamninga.

Á fundi með heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis 20. apríl sl., þar sem m.a. var fjallað um frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi, kom fram að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefði lagt til mjög veigamikla breytingu á frumvarpinu, nánar tiltekið á VI. kafla þess um val á löggjöf um váttryggingasamninga.

Breytingatillagan, sem Tryggingaeftirlitið á engan þátt í, kippir algerlega stöðum undan þeim kafla frumvarpsins sem fjallar um þann mikilvæga þátt sem snýr að réttarstöðu neytandans, (váttryggingataka), getur skapað gífurlega réttaróvissu fyrir þá sem váttryggingar kaupa hjá erlendum aðilum og er í engu rökrænu samhengi við önnur ákvæði þessa kafla.

Alger óvissa getur orðið um túlkun á því hvaða lagaákvæði gildi, ákvæði frumvarpsins eða ákvæði hlutaðeigandi erlendra löggjafar, t.d. þegar ágreiningur kemur upp í framtíðinni um einhver atriði svo sem um bótaskyldu, gildi samningsins, greiðslur iðgjalda, rangar upplýsingar o.s.frv.

Þá gerbreytir ákvæðið þeirri megin stefnu frumvarpsins að, líkt og nágrannalöndin, efla neytendavernd heima fyrir á sama tíma og aflétt er margvíslegum hömlum og takmörkunum á fjármála- og viðskiptasviði.

Á sama tíma er á EES í meginatriðum fellt niður fyrir fram eftirlit með váttryggingaskilmálum og váttryggingafélög hafa í mörgum greinum frjálst val um það hvernig þeir haga skilmálum sínum. Almennur kemur til með að hafa miklu fleiri möguleika en áður um val á váttryggingum og jafnframt er erfiðara að hafa yfirlit yfir það sem í boði er og að meta hvort það sé í samræmi við þá vernd sem sóst er eftir.

Flest aðildarríki EES hafa því kappkostað að byggja sem mest á eigin löggjöf heima fyrir, bæði varðandi váttryggingasamningalög og aðra neytendalöggjöf, enda er hún ekki samræmd enn þá hjá Evrópusambandinu og mjög mismunandi ákvæði eru í gildi í aðildarríkjunum.

Meðan váttryggingasamningalög hafa ekki verið samræmd á Evrópsku efnahagssvæði er að mati Tryggingaeftirlitsins hreint glapræði að nýta ekki þann rétt að miða við okkar eigin löggjöf sem almenna reglu, bæði núgildandi lög og önnur sem kunna að verða sett á neytendasviði í framtíðinni.

Breytingatillagan er við 62. gr. frumvarpsins, og eftir því sem næst verður komist, í þá veru að almenn regla verði að semja megi um það, þegar keypt er líftrygging, að önnur lög en lög þess ríkis þar sem líftryggingataki býr að jafnaði, gildi um líftryggingasamninginn. Meginreglan skv. frumvarpinu er hins vegar að lög þess ríkis þar sem viðkomandi býr að jafnaði gilda, en í ýmsum tilvikum sem nánar eru greind í 62. gr. má semja um aðra löggjöf.

Á fundinum með nefndinni kom einnig fram að jafnvel væri fyrirhugað að breyta 63. gr. með sama hætti þannig að í skaðatryggingum verði ekki heldur byggt á þeirri meginreglu að lög þess ríkis þar sem váttryggingaáhættan er, þ.e. þar sem hinar váttryggðu eignir og hagsmunir eru, gildi um váttryggingasamninginn.

Tillagan virðist reist á þeim misskilningi að það hafi í för með sér einhverjar viðskiptahömlur eða takmarkanir fyrir erlenda aðila sem vildu sækja á íslenskan váttryggingamarkað ef íslensk löggjöf um váttryggingasamninga yrðu lögð til grundvallar sem meginregla. Sá misskilningur hlýtur að vera til kominn vegna vanþekkingar á váttryggingasamningum váttryggingafélaga og á lögum um váttryggingasamninga og hvaða hlutverki þau gegna.

Lög um váttryggingarsamninga (l. nr. 20/1954) takmarka á engan hátt það sem t.d. líftryggingafélag getur boðið líftryggingatökum hér á landi varðandi líftryggingavernd bæði á sviði söfnunarlíftrygginga og dánaráhættulíftrygginga eða alla þá valmöguleika í þeim efnum sem er að finna á líftryggingamarkaði í dag. Engar hömlur eru í því efni gagnvart efnislegu innihaldi váttryggingasamnings um líftryggingu (þ.e. líftryggingaskilmála félags). Sama má segja um aðrar greinar váttrygginga að enginn greinarmunur er gerður á innlendum og erlendum félögum í því efni.


Lög um váttryggingasamninga fjalla á hinn bóginn m.a. um atriði eins og hvenær ábyrgð váttryggingafélags telst byrja, um afleiðingar rangra upplýsinga við samningsgerð, um afleiðingar vanskila á iðgjöldum, um afleiðingar þess að váttryggingaatburður gerist vegna gáleysis, um skyldur váttryggs og greiðsluskyldu félags þegar váttryggingaatburð ber að höndum, um framlengingu váttryggingar, um réttthafa líftryggingafjárhæðar og margt fleira.

Mörg þessara ákvæða eru frávikjanleg með váttryggingasamningi (með ákvæðum í skilmálum félaga), önnur eru ófrávikjanleg, þ.e. félag getur ekki borið fyrir sig samning sem brýtur í bága við þau, eins og t.d. um afleiðingar rangra upplýsinga til félagsins þegar váttryggingataki gefur rangar upplýsingar í upphafi, en ætla má að hann hafi hvorki vitað né mátt vita að upplýsingarnar voru rangar, svo sem t.d. vegna mistaka. Félagið er þá skuldbundið svo sem engar rangar upplýsingar hafi verið gefnar, svo að dæmi sé tekið um ákvæði þessara laga.

Einstaklingur sem t.d. kaupir líftryggingu hjá erlendu félagi einhvers staðar á Evrópsku efnahagssvæði eða utan þess og undirgengst ákvæði líftryggingasamnings hins erlenda líftryggingafélags sem segir að lög hins erlenda ríkis gildi um samninginn, annaðhvort af athugunarleysi eða fyrir tilstilli ötulla sölumanna, á á hættu að vera að semja sig undir lög sem veitir lakari vernd, komi til ágreinings eða ekki verði staðið við samninginn með einhverjum hætti. Líftryggingasamningur er oft á tíðum samningur til áratuga og alger óvissa þá um framtíðarlöggjöf í viðkomandi ríki eða réttindi sem verða fyrir hendi þegar til bótageiðslna á að koma. Með því að tryggja að íslensk lög gildi svo sem frumvarpið kveður á um nú er verið að tryggja réttaröryggi líftryggingataka nú og í framtíðinni.

Þess skal getið að breskur miðlari sem starfað hefur í Bretlandi um áratuga skeið m.a. að miðlun váttrygginga í mörgum löndum kom á fund Tryggingaæftirlitsins sl. föstudag til að kynna sér löggjöf o.fl. með tilliti til starfa á því sviði hér á landi. Hann hafði aðspurður engar athugasemdir fram að færa við það að íslensk váttryggingasamningalöggjöf komi til með að gilda hér á landi sem meginregla og taldi það raunar sjálfsagðan hlut sem "consumer protection". Sama viðhorf er án nokkurs vafa hvarvetna þar sem menn hafa þekkingu og reynslu á sviði váttryggingastarfsemi.

Tryggingaæftirlitið mælir eindregið gegn því að umrædd breytingatillaga verði samþykkt. Því verður ekki trúað að óreyndu að fallist verði á tillögu sem lögð er fram með þessum hætti á seinustu stundu, og að því er virðist að óathuguðu máli og fyrir misskilning, og án þess að um hana hafi verið fjallað efnislega á faglegum grunni eða tóm hafi gefist til að ígrunda hvað í slíkri tillögu felst eða afleiðingarnar verði hún samþykkt.

Virðingarfyllt,
TRYGGINGAÆFTIRLITIÐ

Erlendur Lárusson
forstöðumaður